

Samráðsgátt stjórnvalda

Félags- og húsnæðisráðuneytið

Síðumúla 24, 108 Reykjavík

Mál nr. S-119/2025
Reykjavík 12. ágúst 2025

Umsögn Landsambands eldri borgara (LEB) um áform um hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris.

Landsambands eldri borgara (LEB) hefur tekið til umsagnar mál nr. S-119/2025 um áform um hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris.

LEB telur að þessi breyting muni koma eldri borgurum til góða og leggur ríka áherslu á að þetta mál nái fram að ganga.

LEB vill enn og aftur benda á að kjör eldri borgara hafa dregist verulega aftur úr öðrum sambærilegum hópum ekki síst er varðar almenna frítekjumarkið og er það því krafa LEB að almenna frítekjumarkið verði kr. 100.000.- eitt hundrað þúsund krónur eigi síðar en 1. janúar 2027.

Einnig bendir LEB á að það sé kominn tími á að lögin um Almannatryggingar, sá hluti er varðar kjör eldri borgara, verði tekin til endurskoðunar sem allra fyrst.

F.h Landsambands eldri borgara (LEB)

Björn Snæbjörnsson formaður